



Fundargerð

Tilv. 1601006/1.7

Fundur: Grisjunarráð 9/2016.
Dagsetning og tími: 9. nóvember 2016, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 10. október 2016.
2. Grisjunarbeiðni Samgöngustofu dags. 9. júní 2016 – forskráning GVK (Gerðarviðurkennd ökutæki), umsóknir með CoC 1996–2013 (frá síðasta fundi – málsnr. 1606020).
3. Grisjunarbeiðni Samgöngustofu dags. 9. júní 2016 – forskráning GVK (Gerðarviðurkennd ökutæki), umsóknir með CoC 2013 og áfram (frá síðasta fundi – málsnr. 1606019).
4. Grisjunarbeiðni Ríkisútvarpsins ohf. dags. 7. júlí 2016 – bókhaldsgögn 2006–2008 (málsnr. 1607002).
5. Grisjunarbeiðni Héraðsdóms Vesturlands dags. 18. júlí 2016 – hljóð- og myndbandsupptökur eldri en þriggja ára (málsnr. 1607015).
6. Grisjunarbeiðni Garðarbæjar dags. 18. ágúst 2016 – eyðublöð um skimun á lestrarvanda og málþroska barna (málsnr. 1608021).
7. Grisjunarbeiðni Garðabæjar dags. 8. september 2016 – óstimplaðar teikningar vegna bygginga eða breytinga á húsum í bæjarfélaginu (málsnr. 1609016).
8. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 12. september 2016 – umsóknir um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna erlendra sendiráða (málsnr. 1609020).
9. Grisjunarbeiðni Reykjanesbæjar dags. 23. september 2016 – þjónustuskýrslur / vinnuskýrslur vegna heimaþjónustu við einstaklinga (málsnr. 1609068).
10. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – aksturssamningar starfsmanna ríkisins, afrit (málsnr. 1610013).
11. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – húsaleigusamningar ríkisins, afrit (málsnr. 1610014).
12. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – úrskurðir kjararáðs, afrit (málsnr. 1610016).
13. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – skilamöt Framkvæmdasýslu ríkisins, afrit (málsnr. 1610017).



14. Grisjunarbeiðni RARIK dags. 25. október 2016 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1610071).
15. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 26. október 2016 – húsaleigubætur, bókhald (málsnr. 1610067).
16. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 26. október 2016 – fylgiskjöl með umsóknum um leiguíbúðir og endurskoðun leiguréttar, skattframtöl (málsnr. 1610068).
17. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 26. október 2016 – fylgiskjöl með umsókn um viðbótarlán, skattframtöl (málsnr. 1610069).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 10. október 2016.

Fundargerð grisjunarráðs frá 10. október 2016 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Samgöngustofu dags. 9. júní 2016 – forskráning GVK (Gerðarviðurkennd ökutæki), umsóknir með CoC 1996-2013 (frá síðasta fundi - málsnr. 1606020).

Grisjunarbeiðnin var á ný tekin til afgreiðslu að ósk Samgöngustofu og með nánari upplýsingum um gögnin. Grisjunarbeiðnin var samþykkt. Samgöngustofu er heimilt að eyða umbeðnum gögnum, þ.e. forskráning GVK, umsóknum CoC 1996-2013 þegar hagnýtu gildi er lokið með því skilyrði að geyma skal eina öskju sem sýnishorn frá árinu 2000.

3. Grisjunarbeiðni Samgöngustofu dags. 9. júní 2016 – forskráning GVK (Gerðarviðurkennd ökutæki), umsóknir með CoC 2013 og áfram (frá síðasta fundi - málsnr. 1606019).

Grisjunarbeiðnin var á ný tekin til afgreiðslu að ósk Samgöngustofu og með nánari upplýsingum um gögnin. Grisjunarbeiðnin var samþykkt. Samgöngustofu er heimilt að eyða umbeðnum gögnum, þ.e. forskráning GVK, umsóknum CoC 2013 og áfram þegar hagnýtu gildi er lokið með því skilyrði að geyma skal eina öskju sem sýnishorn fyrir ár sem enda á 0.

4. Grisjunarbeiðni Ríkisútvarpsins ohf. dags. 7. júlí 2016 – bókhaldsgögn 2006-2008 (málsnr. 1607002).

Grisjunarbeiðnin var samþykkt. Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur.

5. Grisjunarbeiðni Héraðsdóms Vesturlands dags. 18. júlí 2016 – hljóð- og myndbandsupptökur eldri en þriggja ára (málsnr. 1607015).

Afgreiðslu málsins var frestað. Ákveðið var að leita álit lögfræðinga á eyðingu gagnanna og nánari rökstuðningi Héraðsdóms Vesturlands.



6. Grisjunarbeiðni Garðarbæjar dags. 18. ágúst 2016 – eyðublöð um skimun á lestrarvanda og málþroska barna (málsnr. 1608021).

Grisjunarbeiðnin var samþykkt. Garðarbæ er heimilt að eyða umbeðnum eyðublöðum um skimun á lestrarvanda og málþroska barna þegar hagnýtu gildi er lokið með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl frá vorskimun fimmta hvert ár.

7. Grisjunarbeiðni Garðabæjar dags. 8. september 2016 – óstimplaðar teikningar vegna bygginga eða breytinga á húsum í bæjarfélaginu (málsnr. 1609016).

Grisjunarbeiðnin var samþykkt. Garðarbæ er heimilt að eyða umbeðnum óstimpluðum teikningum vegna bygginga og breytinga á húsum í bæjarfélaginu þegar hagnýtu gildi er lokið.

8. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 12. september 2016 – umsóknir um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna erlendra sendiráða (málsnr. 1609020).

Grisjunarbeiðnin var samþykkt. Ríkisendurskoðun er heimilt að eyða umbeðnum umsóknum um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna erlendra sendiráða þegar hagnýtu gildi er lokið. Ekki er gerð krafa um varðveislu sýnishorna.

Dagskrárliðum 9-17 frestað.

Fundi slitið kl. 13:11.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)